

Sveinspróf í snyrtifræði í mars 2024

Undirbúningsfundur fyrir próftaka verður í FB þriðjudaginn 12.mars kl. 19.00.

Athuga að vera búin að greiða greiðsluseðla vegna leyfisgjalds fyrir sveinsbréf, þeir voru sendir í heimabanka og í tölvupósti.

Greiða þarf efnisgjald til skólans kr. 3.000.-

537-26-50161 kt: 590182-1099, passa að senda kvittun á fb@fb.is nafnið þitt í skýringu.

Skriflegt próf fer fram, fimmtudaginn 14.mars frá kl. 9.00 – 12.00, hjá Iðunni fræðslusetri, Vatnagörðum 20.

Athugið að línur eru við hverja spurningu og á svarið að miðast við það. Ef þið skiljið ekki nákvæmlega hvað er verið að spyrja um, kallið í þann sem situr yfir prófinu og fáið útskýringu.

Verkleg próf verða haldin í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, 16. og 17. mars

Skólinn opnar 6:45 og prófið hefst stundvíslega kl. 8.30. Hægt er að gera tilbúið í öllum herbergjum fyrirfram. Það má koma með öll efni og tæki, en þau eru líka til staðar á staðnum. Nauðsynlegt er að þið komið með öll áhöld, s.s. naglaklippur, naglabandaklippur, plökkara ofl.

Gott er að gera gátlista svo ekkert gleymist.

Öll módel koma með farða og lakk á höndum í próf.

Athugið að allt skart sem módelið ykkar er með þurfa þær að taka af sér og setja í töskuna sína. Það er á ykkar ábyrgð.

Slökkva á sínum.

Ekki er leyfilegt að vera með myndavél í verklega prófinu.

Ekki er leyfilegt að koma með námsbækur eða annað skriflegt efni.

Allar meðferðir eigið þið að gera í þeirri röð sem þið haldið að henti best.

Þegar uppgefinn tími fyrir hverja meðferð er liðinn verður að stöðva meðferðina þó hún sé ekki búin.

Ekki er leyfilegt að blanda saman neinum meðferðum, t.d. að klára handsnyrtingu í fót snyrtingunni.

Ef meðferð er ekki lokið á uppgefnum próftíma er það falleinkunn.

Prófsýningardagur verður miðvikudaginn 20.mars kl 18:30 hjá Iðunni. Hægt er að skoða bóklega prófið og fá útskýringar á verklega hlutanum. Prófsýning er **eingöngu** fyrir próftaka og tími takmarkaður.

Uppsetning á próftíma

Próftaka er úthlutað módeli, eitt fyrir hádegi og annað eftir hádegi. Tekið er á móti módelunum eins og þau séu að koma á stofu. Prófdæming hefst frá þeim tíma er próftaki tekur við módeli sínu.

Litun og plokkun/vax 45 mín.

Andlitsbað 90 mín.

Yfirborðshreinsun.

Djúphreinsun (gufa). Verður að sýna kreistun.

Rafmagnstæki.

Nudd, 20 mín.

Maski.

Dagnæring.

Húðgreining: Færð inn á uppsett blað húðgerð, markmið meðferðar, vöru/verklýsing og ráðleggingar. Húðgreiningarblaði er skilað í lok andlitsmeðferðar.

Líkamsnudd, slökunarnudd 20 mín.

Próftaka verður sagt hvaða líkamshluta skal nudda.

Vaxmeðferð, próftími ekki tilgreindur.

Próftaki tekur á móti módeli eins og hún sé að koma til hennar í fyrsta skipti.

12.00 Hlé í eina klukkustund. Próftaki skiptir um módel.

Handsnyrting 1 klst. og 15 mín.

Prófdómari skoðar hendur áður en próf hefst. Prófdómari skoðar hendur fyrir nudd og lökkun. Nota skal í lökkun undirlakk, ósanserað lakk með sterkum lit, tvær umferðir og yfirlakk. Klára þarf alveg áður en byrjað er á fót snyrtingu.

Fótsnyrting 1 klst. og 15 mín.

Prófdómari skoðar fætur fyrir fótsnyrtingu. Hér þarf að skila greiningarblaði með verk- og vörulýsingu og hvað þið ráðleggið. Prófdómari skoðar fætur fyrir nudd. Neglur skulu lakkaðar með undirlakki, lituðu lakki, tvær umferðir og yfirlakki. Klára þarf alveg áður en byrjað er á förðun.

Förðun 1 klst.

Ekki er leyfilegt að byrja á förðun fyrr en hand- og fótsnyrtingu er að fullu lokið.

Förðun skal vera kvöldförðun. Sýna þarf kunnáttu í að hylja roða og bauga ef þurfa þykir. Setja skal farða, púður, augnskugga, augnblýant, maskara, móta brúnir, kinnalit, varablýant og varalit.

Módel verða spurð í lok dags um hvaða ráðleggingar þið hafið gefið þeim í meðferðinni.

Pegar prófi er lokið u.þ.b. kl. 17.00 þarf að ganga vel frá eftir sig, losa ruslafötur, setja þvott í körfur og passa að taka eingöngu það sem þú komst með.